

# Stjórnartíðindi

## 2003 - B-deild - B149

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Bls. 2082 er merkt og blaðsíðatal er rangt miðað við tölublaðið á undan.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# STJÓRNARTÍÐINDI B 149 – 2003

Nr. 1058

2082

30. desember 2003

## REGLUGERÐ

um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

### I. KAFLI

#### Hlutverk og starfssvið.

##### 1. gr.

##### *Hlutverk.*

Hlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er að vinna að rannsóknnum á íslensku táknmáli, annast kennslu táknmáls og sinna táknmálstúlkun og annarri þjónustu sem fellur undir starfssvið stofnunarinnar.

Starf stofnunarinnar skal sérstaklega nýttast þeim sem nota táknmál til daglegra samskipta við aðra, svo sem heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum og fjölskyldum þeirra. Sérstök áhersla skal lögð á þjónustu við börn á máltökualdri og nemendur á öllum skólastigum.

##### 2. gr.

##### *Rannsóknir á íslensku táknmáli.*

Stofnunin fæst við rannsóknir á táknmálssamskiptum og íslensku táknmáli og tekur þátt í frekari þróun þess. Í því skyni sinnir stofnunin prófunum ýmis konar, hún vinnur að þróun greiningar- og kennsluaðferða, námsefnisgerð og hugbúnaðarþróun á því sviði, auk rannsókna og nýsköpunar á sviði túlkunar og táknmálssamskipta.

##### 3. gr.

##### *Táknmálskennsla.*

Samskiptamiðstöð stendur fyrir táknmálskennslu fyrir einstaklinga og hópa, ásamt námsefnisgerð vegna þessa. Kennslunni er ætlað að skapa skilyrði til máltöku fyrir börn sem fæðast heyrnarlaus eða heyrnarskert með það að markmiði að þau nái fullri málfærni í táknmáli og fullum skilningi á því. Jafnframt er kennslunni ætlað að stuðla að almennri táknmálspækingu meðal þeirra sem nota táknmál til daglegra samskipta og aðila sem veita þeim þjónustu, þannig að samskipti þeirra verði svo auðveld og árangursrík sem kostur er. Stofnunin skal bjóða upp á námskeið í táknmáli fyrir þjónustuaðila og almenning.

##### 4. gr.

##### *Táknmálstúlkabjónusta.*

Helstu verkefni Samskiptamiðstöðvar við táknmálstúlkabjónustu eru annars vegar að

veita táknmálstúlkajónustu gegn gjaldi og hins vegar að veita túlkanemum á háskólastigi verklega þjálfun samkvæmt sérstökum samningum við stofnanir sem annast menntun tákn-  
málstúlka.

## 5. gr.

*Önnur þjónusta.*

Samskiptamiðstöð skal veita fræðslu og ráðgjöf til hagsmunahópa, stofnana og annarra er sinna þjónustu við þá sem nota táknmál.

Stofnunin skal semja, eða láta semja, og miðla efni á táknmáli fyrir börn er nota tákn-  
mál og fjölskyldur þeirra, annað en skyldubundið námsefni fyrir grunnskóla.

Stofnuninni er heimilt að taka að sér verkefni fyrir eða í samvinnu við aðra aðila á sviði  
námsefnisgerðar, símenntunar og fleira því tengt.

Menntamálaráðherra setur stofnuninni gjaldskrá að fengnum tillögum stjórnar.

## II. KAFLI

## Samstarf við aðra aðila.

## Gildistaka.

## 6. gr.

*Samstarf.*

Stofnunin skal veita almennar upplýsingar um táknmál og táknmálssamskipti og eiga  
samstarf við félagasamtök og opinbera aðila er fjalla um málefni heyrnarlausra og heyrnar-  
skertra, þ. á m. félagsþjónustu sveitarfélaga, svæðisskrifstofur um málefna fatlaðra, Grein-  
ingar- og ráðgjafarstöð ríkisins, skóla, Heymar- og talmeinastöð Íslands og Námsgagna-  
stofnun.

## 7. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 2. gr. laga um Samskiptamiðstöð heyrn-  
arlausra og heyrnarskertra nr. 129/1990 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 30. desember 2003.*

**Tómas Ingi Olrich.**

*Guðmundur Árnason.*